

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 4. júlí 2025

Mál nr. S-5485/2024:

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Silja Rán Arnarsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Páli Vilhjálmssyni

(Jón Bjarni Kristjánsson lögmaður)

Dómur

1. Mál þetta, sem dómtekið var 12. júní 2025, var höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjórnum á höfuðborgarsvæðinu 1. október 2024, á hendur Páli Vilhjálmssyni, kt. 151060-2859, Selbraut 11, Seltjarnarnesi „fyrir hatursorðræðu með því að hafa, miðvikudaginn 13. september 2023, skrifað og birt eftirfarandi ummæli í blogg færslu á bloggsíðu sinni pallvil.blog.is sem fólu í sér ógnun, háð, rógburð og smánun á opinberum vettvangi í garð ótiltekins hóps manna hér á landi vegna kynhneigðar og kynvitundar þeirra:

- „Samtökin 78 eru regnhlífarsamtök og lífsskoðunarfélag fullorðinna sem áhugasamir eru um klám, kynlíf, kynjaveröld og tælingu barna.“
- „Kennslufnið er tæling dulbúin sem upplýsingar. Meðfædd blygðunarsemi barna er skipulega brotin niður. Börn eru gerð móttækileg fyrir þátttöku í kynlífi og það jafnvel ofbeldiskynlífi – BDSM. Ringluð börn og óörugg (sic) eru gerð efins um eigin sjálfsmynd og talin trú um að þau séu mögulega fædd í röngu kyni. Ringluð börn og óörugg eru síður í stakk búin að veita viðnám fullorðnum með eitthvað misjafnt í huga. Út á það gengur tælingin.“

Telst brot þetta varða við 233. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.”

2. Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög framast heimila. Þá er gerð sú krafa að verjanda hans verði ákvörðuð hæfileg málsvarnarlaun, að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Loks er þess krafist að málskostnaður verði felldur á ríkissjóð, að hluta eða í heild.

I *Málsatvik*

3. Hinn 30. október 2023 barst lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu kæra frá lögmanni fyrir hönd Samtakanna '78 – félags hinsegin fólks á Íslandi, á hendur ákærða Páli Vilhjálms-syni. Var ákærði í kærinni talinn hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi, þ.e. með ærumeiðingum og brotum gegn friðhelgi einkalífs, með því að hafa ráðist opinberlega með háði, rógi og smánun á hóp ónafngreindra manna vegna kynhneigðar og/eða kynvitundar þeirra, með tilgreindum ummælum, sem birtust á vefmiðli ákærða, www.pallvill.blog.is, 13. september 2023. Var brot ákærða þar talið varða við 233. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þess krafist að ákærða yrði refsað lögum samkvæmt.
4. Eru þau ummæli sem ákært er fyrir meðal þeirra ummæla sem rakin voru í kærinni. Rétt er þó að taka fram að þau ummæli ákærða, sem tekin eru upp í ákærana, eru hvorki að öllu leyti í samræmi við þau ummæli sem hann lét falla í skrifum sínum áður nefndan dag, né í samræmi við endursögn þeirra ummæla í kærnu kæranda. Samkvæmt ákærinni á ákærði sem fyrr segir að hafa ritað „Ringluð börn og óörugg eru gerð efins um eigin sjálfsmynd og talin trú um að þau séu mögulega fædd í röngu kyni“. Í pistli ákærða sagði hins vegar „Börn eru gerð efins um eigin sjálfsmynd og talin trú um að þau séu mögulega fædd í röngu kyni“.
5. Í kærinni var rakið að ákærði hefði lengi verið í brennidepli samfélagslegrar umræðu, meðal annars vegna hinsegin fræðslu í skólum, sem kærandi hefði lengi verið með. Sú fræðsla hefði verið umdeild innan samfélagsins. Upplýsingaóreiða hefði skapast og fræðslu kæranda blandað saman við aðra hluti, þ.m.t. þann 7. september 2023, er meðlimir Samtakanna 22, hópur fólks sem neiti tilvist fólks utan kynjatvíhyggjunnar, hafi farið inn í nafngreindan skóla án leyfis með það að markmiði að finna fræðsluefni sem miðlaði því til barna og ungmenna að BDSM væri kynhneigð. Umrætt atvik hafi verið tilkynnt til lögreglu og kærandi, forsætisráðherra og mennta- og barnamálaráðuneytið hafi sent frá sér tilkynningu þar sem umrædd upplýsingaóreiða hafi verið leiðrétt. Henni hafi engu að síður verið viðhaldið af ýmsum aðilum, þ. á m. ákærða.
6. Var því lýst í kærinni að hin kærðu ummæli, þ. á m. þau ummæli sem ákært er fyrir, fælu að mati kæranda í sér háð, róg og smánun eða ógnun, sem refsivert væri að tjá, sbr. 233. gr. a almennra hegningarlaga. Ummælin væru sett fram meðvitað af hálfu ákærða, á opinberum vettvangi, í formi alhæfinga, án málefnalegs rökstuðnings. Jafnræði fólks,

án tillits til kynhneigðar eða kynvitundar, væri lögfest grundvallarregla, sem byggðist á virðingunni fyrir mennskunni. Þótt tjáningarfrelsið væri jafnframt meðal mikilvægustu réttinda manna og grundvallarstoð lýðræðis væri orðnotkun sem lýsti hatri eða fordómum á hinsegin fólki á opinberum vettvangi ekki refsilaus að mati kæranda.

7. Þótt ákærði hefði stjórnarskrárvarinn rétt til skoðana sinna og til að láta þær í ljós, sbr. 1. og 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, þá mætti ákærði ekki nýta tjáningarfrelsi sitt til að níðast á réttindum annarra. Löggjöf um misrétti vegna kynhneigðar og kynvitundar væri nauðsynleg til að vernda minnihlutahópa. Andspænis tjáningarfrelsi ákærða stæði réttur hinsegin fólks til að þurfa ekki að þola árásir vegna kynhneigðar sinnar eða kynvitundar. Sá réttur væri varinn af 233. gr. a almennra hegningarlaga, jafnræðisreglu 65. gr. og 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar.
8. Kærandi vísaði til þess í kæru sinni að sú takmörkun á tjáningarfrelsinu, sem fælist í 233. gr. a í almennra hegningarlaga, rúmaðist innan undanþágureglu 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Að baki 233. gr. a byggju ríkir einstaklings- og almannahagsmunir, sem stæðu í vegi fyrir því að ummæli ákærða gætu fallið undir tjáningarfrelsi hans. Hin kærðu ummæli ákærða hefðu verið alvarleg, gróflega meiðandi og fordómafull og gætu ekki talist bæta neinu málefnalegu við samfélagslega umræðu. Ummælin féllu því að mati kæranda vel að öllum skilyrðum 233. gr. a. Ummæli ákærða hefðu verið til þess fallin að grafa undan samstöðu í íslensku samfélagi, andstæð grundvallarreglum um jafnræði einstaklinga og að auki hvatt til ofsókna í þjóðfélaginu. Ummælin gætu því ekki notið verndar stjórnarskrárbundins tjáningarfrelsis ákærða eða leyst hann undan refsíabyrgð samkvæmt 233. gr. a í almennum hegningarlögum.
9. Skýrsla var tekin af ákærða, þá kærða, þann 4. september 2024. Mótmælti ákærði efni kæru á hendur sér og kvaðst hvorki hafa vegið að æru fólks né stundað hatursorðræðu af nokkru tagi. Með færslu sinni í september 2023 hefði hann tekið þátt í umræðu, sem á þeim tíma hefði verið í gangi í samfélaginu, um það hvort Samtökin '78 ættu að hafa aðkomu að kennslu í leik- og grunnskólum. Sagðist ákærði hafa tekið þátt í umræðunni, en hann væri á öndverðri skoðun við Samtökin '78 hvað umræðuefnið varðaði. Honum þætti samtökin hins vegar sjálfsögð sem lífsskoðunarsamtök fullorðins fólks, sem hefði þessar eða hinar hugmyndir um lífið og tilveruna. Hann væri ekki að mótmæla tilvist samtakanna með neinum hætti, heldur því að þau fengju rými í leik- og grunnskólum til að boða hugmyndir sem honum fyndist að börn ættu ekki að þurfa að hlusta á.

II

Framburður ákærða fyrir dómi

10. Ákærði greindi frá því fyrir dómi að hann skrifaði (bloggaði) reglulega um samfélagsleg málefni. Um haustið 2023 hefði verið mikil umræða í samfélaginu um þau málefni sem ákæran varðar og hvort þau ættu erindi í leik- og grunnskóla. Hann hefði því ákveðið að blogga um það 13. september 2023, en blogg feli í sér viðbætur við fréttir og aðra umræðu í samfélaginu. Ákærði kvaðst hins vegar bera fulla virðingu fyrir Samtökunum '78 og því sem þau standi fyrir. Andmæli hans hafi snúið að því að þeirra hugmyndir væru kenndar sem gott og gilt kennslufni í leik- og grunnskólum. Hann sé íhaldssamari en sumir innan samtakanna, en beri virðingu fyrir því að sumir séu frjálslyndari en hann.
11. Ákærði kannaðist við að hafa ritað þau ummæli sem ákært er fyrir og birt þau á bloggsíðu sinni. Ákærði sagði að fyrri ummælin, sem ákært væri fyrir, væri að finna í inngangsorðum pistils síns. Þar hafi hann verið að fjalla um að Samtökin '78 væru regnhlífarsamtök, sem þau séu. Með orðum sínum hefði hann dregið fram fyrir hvað samtökin stæðu miðað við umfjöllun um þau í samfélaginu. Ákærði kvaðst hafa kynnt sér heimasíðu og hugmyndafræði Samtakanna '78, auk þess sem mikil umræða hefði verið um starfsemi samtakanna í samfélaginu. Ummæli ákærða hefðu byggst á ályktun frá þeirri umræðu sem átt hafi sér stað á þessum tíma í samfélaginu.
12. Vísaði ákærði til þess að innan Samtakanna '78 starfi meðal annars fólk sem sé áhugasamt um tiltekna tegund af kynlífi, BDSM. Með tilvísun til kláms í ummælum sínum hafi hann verið að vísa til þess hóps. Með notkun á orðinu kynjaveröld hafi hann í ummælunum verið að vísa til þess að Samtökin '78 hefðu, eftir því sem hann best viti, haft uppi þau sjónarmið að til væru fleiri en tvö kyn. Því sagðist hann vera ósammála.
13. Notkun á orðinu tæling, í þessu samhengi, sagði ákærði tengjast síðari ummælum hans, sem ákært væri út af. Kyn manneskju sé hluti af sjálfsmynd hennar. Með því að fá börn til að efast um það af hvaða kyni þau séu sé í hans huga verið að brjóta sjálfsmynd þeirra og draga úr mótspyrnu þeirra gegn tælingu. Barn með sterka sjálfsmynd hafi almennt séð betri forsendur til að veita sterkari mótspyrnu gegn fólki sem hafi eitthvað misjafnt í huga, en ringlað barn með lélega sjálfsmynd. Það að grafa undan sjálfsmynd barna sé þar af leiðandi undanfari tælingar.

14. Ákærði kvaðst hafa þá trú að ekki væri hægt að fæðast í röngum líkama, þar sem meðvitundin komi með líkamanum og sé samofin honum frá upphafi og þar af leiðandi meðfædd. Með því að gefa til kynna við börn að þau geti mögulega verið í röngum líkama sé verið að grafa undan sjálfsmynd þeirra og sjálfstrausti, sem geti verið undanfari tælingar.
15. Ákærði greindi frá því að umfjöllunarefni í pistli hans umræddan dag hefði tengst og tekið mið af því efni sem til umræðu hefði verið á þeim tíma. Í umræðunni hefði á þeim tíma verið til umfjöllunar kennsluefni, þ. á m. myndefni, sem hann hefði talið að ætti ekki erindi til ungra barna í leik- og grunnskóla. Umfjöllunarefnið hefði vissulega verið þekkt í heimi fullorðinna, en hann talið að það ætti ekki erindi til barna í leik- og grunnskóla. Í kennsluefninu hefði sem dæmi verið fjallað um sjálfsfróun, fitl við kynfæri sín og nektarmyndatökur af sjálfum sér. Ákærði hefði álitð að slíkt væri ekki hluti af reynsluheimi ungra barna. Þarna hefði verið komið kennsluefni sem hefði beinlínis hvatt til slíkrar hegðunar og meðfædd blygðunarsemi barna með þeim hætti skipulega brotin niður. Hefði hann verið að vara við því.
16. Með setningunni um að börn væru gerð móttækileg fyrir þátttöku í kynlífi og það ofbeldiskynlífi, BDSM, kvaðst ákærði hafa verið að vísa til veggspjalds sem hengt hefði verið upp í Langholtsskóla. Þar hefði verið fjallað um BDSM-kynlíf, sem gangi út á drottun og undirgefni. Þessi setning í pistli hans hafi verið tilvísun í það. Börn hefðu verið gerð móttækileg fyrir slíku kynlífi með því að setja upp veggspjald í skóla barnanna, þ.e. veggspjald þar sem um slíkt kynlíf hafi verið fjallað. Með því hafi verið gefið til kynna við börnin að þessi tegund af kynlífi væri eðlileg fyrir þennan aldurshóp og þar með gera börn móttækileg fyrir þessari tegund af kynlífi. Ákærði benti einnig á að til umfjöllunar hefði verið á þessum tíma svonefnt kyrkingarkynlíf, sem almennt væri talið varhugavert og þá sérstaklega hjá þeim sem ekki væru stálpaðir. Ákærði kvaðst hins vegar engar athugasemdir gera við aðild félagsskapar um BDSM að Samtökunum '78.
17. Með setningunni um að ringluð börn og óörugg væru gerð efins um eigin sjálfsmynd og talin trú um að þau væru mögulega fædd í röngu kyni kvaðst ákærði hafa verið að vísa til boðskapar, sem Samtökin '78 hefðu haldið frammi, að sumir hafi fæðst í röngu kyni. Það standist að hans mati enga skoðun, þar sem vitund og meðvitund fari saman við líkamann. Meðvitundin fæðist með líkamanum og líkami geti þar af leiðandi ekki verið af röngu kyni. Hann sé hins vegar ekki að neita tilvist transfólks. Sú hugmynd að hægt sé að fæðast í röngu kyni standist hins vegar ekki líffræðilega skoðun.

18. Ákærði kvaðst eigi að síður viðurkenna að sumir glími við kynáttunarfanda þegar þeir verði eldri. Það sé hluti af því sem við séum að fást við í mannlífinu. Hann hefði sjálfur kynnst slíku fólki. Það sé hins vegar hans skoðun að það sé skelfilegt að koma þeirri hugmynd inn hjá ungu fólki að hægt sé að fæðast í röngu kyni. Með því sé verið að fá ungt fólk til að efast um sjálfsmynd sína. Transfólk sé fólk sem vilji leiðrétta það kyn sem það hafi fæðst í. Fólk geti sannfærst um það seinna meir að það hafi fæðst í röngu kyni, en það þýði ekki að það hafi raunverulega fæðst í röngu kyni, sem ákærði telji ómögulegt eins og áður segir.
19. Með setningum sínum um að ringluð börn og óörugg séu síður í stakk búin til að veita viðnám fullorðnum með eitthvað misjafnt í huga og að út á það gangi tælingin kvaðst ákærði hafa verið að draga ályktun af því sem komið hafi á undan. Börn sem fengin séu til að efast um það hvort þau hafi fæðst í réttu kyni verði ringluð, þ.e. þeim sé kynnt sú hugmynd að þau séu mögulega fædd í röngum líkama. Börnin fari þar af leiðandi að efast um sig sjálf.
20. Með notkun á orðunum „með eitthvað misjafnt í huga“ í ummælum sínum kvaðst ákærði hafa verið að vísa til þess að það sé þekkt í mannlífinu að ringluð börn og börn með lélega sjálfsmynd séu líklegri til að verða auðveldari fórnarlömb fólks, sem hafi eitthvað misjafnt í huga. Barnagirnd sé til en ekki ólögleg. Barnagirnd geti hins vegar leitt til barnaníðs. Ákærði nefndi að á þessum tíma hefði verið í umræðunni að einstaklingar innan Samtakanna '78 og jafnvel einstaklingar í trúnaðarstöðum hefðu gerst sekir um tælingu barna. Þar hafi hins vegar ekki verið um að ræða athafnir Samtakanna '78.
21. Ákærði kvaðst alls ekki hafa verið að gefa til kynna að Samtökin '78 hefðu eitthvað misjafnt í huga. Hann hefði aðeins verið að benda á að héldi þetta áfram, þ.e. að kenna þennan boðskap sem samtökin hefðu haft í frammi, þá myndi það hafa þær afleiðingar að börn yrðu ringluð og óörugg um sjálf sig. Það gerði þau að líklegri fórnarlömbum fólks sem hefði eitthvað misjafnt í huga. Honum hafi hins vegar ekki dottið í hug að samtökin sem slík hefðu eitthvað misjafnt í huga eða að þau væru samtök fólks sem hefði eitthvað misjafnt í huga. Boðskapur samtakanna væri líklega settur fram af velvilja. Hann hefði aðeins verið að benda á að hann hefði þessar afleiðingar.
22. Ákærði kvað markmið skrifa sinna hafa verið tví-, þrí- eða fjórpætt. Hann taki þátt í samfélagslegri umræðu og þetta málefni hafi verið í umræðunni á þeim tíma. Þá eigi hann börn og barnabörn á leik- og grunnskólaaldri. Honum hafi þótt, og þyki, miður að

barnabörnin hans hafi verið og séu útsett fyrir þessum boðskap, sem hann telji í grunninn vera rangan og ekki við hæfi barna á þessum aldri.

23. Ákærði mótmælti því að ummæli hans hefðu falið í sér ógnun, háð, rógburð eða smánun. Ekki hafi verið um rógburð að ræða, enda vísað í heimildir. Þá hafi hann ekki með skrifum sínum smánað neinn, heldur aðeins sett hlutina í samhengi. Samtökin '78 væru honum ósammála en heimilt sé að hafa fleiri en eina skoðun. Ákærði andmælti því einnig að hann hefði brotið gegn 233. gr. a almennra hegningarlaga. Þá kvaðst hann ekkert hafa út á kynhneigð eða kynvitund fólks að setja. Hann hefði aðeins verið að andmæla því að ákveðnum boðskap, sem hann teldi að ætti ekki erindi við börn, væri haldið að börnum á leik- og grunnskólaaldri. Að öðru leyti kvaðst hann bera fyllstu virðingu fyrir því að fólk hefði ólík sjónarmið um kynvitund og kynhneigð.
24. Ákærði kvaðst enn vera þeirrar skoðunar að þátttaka Samtakanna '78 í samningu og miðlun þess kennsluefnis sem að framan greinir hafi réttlætt skrif hans. Í lok pistils síns hefði hann bent á að Samtökin '78 hefðu komist í þá stöðu að miðla þessu kennsluefni í leik- og grunnskólum í skjóli hins opinbera, en flokkar á vinstri armi stjórn mála hefðu hleypt þeim þar inn með efni sem ekki væri við hæfi á þessu aldursstigi. Á sama tíma hefði Þjóðkirkjunni verið úthýst úr leik- og grunnskólum.
25. Ákærði sagði að ekki væri um hugmyndafræðilegan ágreining að ræða að sínu mati, heldur spurningu um grunnþekkingu á manningum. Lifandi fæddur nýburi fæddist af öðru hvoru kyninu. Undantekning væri ef óljóst væri um hvort kynið væri að ræða, en slíkt geti komið upp. Að því slepptu fæddist lifandi nýburi af öðru hvoru kyninu. Meðvitundin komi með í heiminn og sé hluti af líkamanum. Afurð meðvitundarinnar sé hugsun og hugsun sé í eðli sínu kynlaus. Hann kvaðst ekki vera að andmæla því, og finna til með þeim, en sumir sannfærist um að þeir séu af öðru kyni er þeir vaxi úr grasi. Það þýði þó ekki, að hans mati, að viðkomandi hafi fæðst í röngum líkama.
26. Ákærði kvað það fjarri lagi að hann hefði óbeit og andúð á transfólki, en ekki væri hægt að fæðast trans. Þá væri sömuleiðis fjarri lagi að hann fyrirliti eða fordæmdi transfólk. Hann hefði þvert á móti fullan skilning á mannlífinu og að einhverjir sannfærðust um það á lífsleiðinni að þeir væru trans. Sumir komi til baka en aðrir breyti líkama sínum. Unnt sé að fá aðstoð fyrir fullorðið fólk sem glími við slíkt, en að hans mati sé ekki rétt að kynda undir slíka hugsun fyrir börnum og ungmennum. Það sé skammarlegt.

27. Ákærði vísaði sömuleiðis til þess að börn hefðu ekki aldur til að meta hvað væri heppilegt fyrir þau sjálf, t.d. hversu heppilegt væri að þau gæfu sig að óhefðbundnu kynlífi. Umfjöllun um slíkt í kennsluefni fyrir leik- og grunnskóla brjóti hins vegar niður eðlislæga blygðunarsemi barna. Blogg hans og ummæli, sem ákært sé fyrir, hafi verið innlegg í opinbera umræðu um veggspjöld og kennsluefni fyrir börn. Ályktanir hans hafi verið dregnar af kennsluefninu og umræðunni. Hann hefði enga óbeit eða andúð á transfólki eða fólki sem stundaði BDSM-kynlíf, enda væru áhugamál fullorðinna af ýmsum toga. Markmiðið með skrifunum hefði verið að bera hönd fyrir höfuð barna, sem séu ekki í þeirri stöðu að geta metið hlutina rétt.
28. Ákærði benti á það að lokum að hann hefði ekki verið sá eini sem hefði gert athugasemdir við og varað við umræddu kennsluefni, enda hefðu stjórnvöld og Samtökin '78 gefið út sérstakar yfirlýsingar í framhaldi af ákøfum kvörtunum foreldra vegna kennsluefnisins.

III

Niðurstaða

29. Samkvæmt 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, sem og skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákærvaldinu. Í því felst að telji dómari skynsamlegan vafa leika á um að ákærði hafi framið þann verknað sem honum er gefinn að sök í máli, þá leiðir það til sýknu ákærða.
30. Ákærði telst saklaus uns sekt hans hefur verið sönnuð fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem hefur lagagildi hér á landi samkvæmt lögum nr. 62/1994.

A

31. Brot ákærða er í ákæru sagt varða við 233. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og áður segir. Samkvæmt því ákvæði skal hver sá sem opinberlega hæðist að, rógber, smámar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernisuppruna eða þjóðlegs uppruna, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, fötlunar, kyneinkenna, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út, sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

32. Í ákvæðinu kemur hvorki fram hugtakið hatursorðræða né hatursáróður, þótt það fyrra sé notað í ákæru í upphafi lýsingar sakargifta á hendur ákærða og það síðara í lögskýringargögnum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 13/2014, en þau lög breyttu framangreindu lagaákvæði. Þá er hugtakið notað í tilmælum og ályktunum alþjóðlegra stofnana, sem snúa að lagasetningu um þessi efni.
33. Dómstólar hafa í framkvæmd sinni litið á þetta hugtak, hatursorðræðu, sem samnefnara fyrir þá hæðni, rógburð, smánun eða ógnun, sem refsivert er að tjá eftir ákvæðinu, og þá um leið sem mælikvarða á þann grófleika tjáningarinnar, sem áskilinn er. Af því hefur þótt leiða að tjáningin verði að fela í sér slíka óbeit, andúð, fyrirlitningu eða fordæmingu að telja megí hana til hatursorðræðu í garð þess sem henni sé beint að. Má í því samhengi vísa til þriggja dóma Hæstaréttar frá 14. desember 2017 í málum nr. 415/2017, 354/2017 og 577/2017, sem allir vörðuðu ummæli manna sem féllu í tengslum við umræðu um svonefnda hinsegin fræðslu í skólum, svo og til úrskurðar Landsréttar frá 20. desember 2023 í máli nr. 812/2023.
34. Samkvæmt orðalagi 233. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 18. gr. þeirra laga, felst í ákvæðinu áskilnaður um ásetning til brots. Sá ásetningur verður að taka til þeirrar athafnar að tjá sig með orðum, táknum, myndum eða á annan hátt, en á hinn bóginn verður að vera háð hlutlægum mælikvarða hvort tjáning teljist fela í sér hæðni, rógburð, smánun eða ógnun við annan mann vegna þjóðernis hans, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, sbr. áðurnefndan dóm Hæstaréttar frá 14. desember 2017 í máli nr. 577/2017.

B

35. Samkvæmt áður tilvitnuðum dómum Hæstaréttar og úrskurði Landsréttar verður, þegar mat er lagt á sakargiftir á hendur ákærða, að taka tillit til þess að honum er með 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar tryggður réttur til að láta í ljós hugsanir sínar. Hann verður þó að ábyrgjast þær fyrir dómi. Samkvæmt 3. mgr. 73. gr. er hins vegar, með lögum, unnt að setja tjáningarfrelsi skorður, meðal annars vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Þessi efnisatriði stjórnarskrárákvæðisins eiga sér hliðstæðu í 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Gagnstætt réttindum ákærða standa með tilliti til þessa máls réttindi Samtakanna '78 og í það minnsta ákveðinna meðlima þeirra samtaka, þ.m.t. einstaklinga sem

- aðhyllast svonefnt BDSM-kynlíf og einstaklinga með kynáttunarfrelsi, til að njóta friðhelgi einkalífs síns til jafns við aðra, sbr. 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, svo og jafnræðis og mannréttinda eins og aðrir án tillits til kyns og kynhneigðar þeirra, sbr. 65. gr. hennar.
36. Hafa dómstólar sömuleiðis þegar tekið afstöðu til þeirrar takmörkunar á tjáningarfrelsi sem felst í 233. gr. a almennra hegningarlaga, svo sem ákvæðið hljóðar nú, sbr. áðurnefnda dóma Hæstaréttar og úrskurð Landsréttar. Þessar takmarkanir, sem gerðar eru með lögum, helgast meðal annars af tilliti til réttinda eða mannræðis þeirra sem samkynhneigðir eru og einstaklinga með kynáttunarfrelsi. Hafa dómstólar talið að frá almennu sjónarhorni séð megi telja þessa sérstöku lagavernd nauðsynlega með hliðsjón af misrétti, sem almunna sé að þessir hópar fólks og aðrir hópar sem nefndir eru í 233. gr. a almennra hegningarlaga, hafi löngum átt á hættu að verða beittir í skiptum sínum við aðra, sbr. framangreinda dóma Hæstaréttar. Að þessu leyti þjóni takmarkanir, sem á þennan hátt séu gerðar á tjáningarfrelsi fólks og í þessum tilgangi, lögmætu markmiði. Frá almennu sjónarhorni sé vernd þessi einnig samrýmanleg þeirri grundvallarhefð íslensks lýðræðis-samfélags að ekki verði gerður munur á mönnum vegna sérkenna þeirra eða aðstæðna í einkalífi. Sú hefð birtist meðal annars nú í jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.
37. Verður með hliðsjón af framansögðu og áðurnefndum dómum Hæstaréttar og úrskurði Landsréttar, þegar tekin er afstaða til þess hvort tjáning ákærða í þessu máli falli undir ákvæði 233. gr. a almennra hegningarlaga, að hafa í huga að ákvæðið felur í sér heimild til að takmarka tjáningarfrelsi, sem nýtur sem fyrr segir verndar samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og byggir á því grundvallargildi í lýðræðislegu samfélagi að allir séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringar, sbr. 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar.
38. Af framangreindu leiðir að gæta verður varfærni við túlkun 233. gr. a almennra hegningarlaga. Verður einnig að gera þá kröfu að sú orðræða, sem fjallað er um í lagaákvæðinu, birtist annað hvort með beinum hætti í umfjöllun eða að hún verði með skýrum hætti leidd af samhengi umfjöllunarinnar. Þá hefur verið talið að tjáningarfrelsinu verði ekki settar skorður fyrir þær sakir einar að þess sé neytt til að hafa uppi orð, sem storkað geti, ögrað eða misboðið öðrum eða valdið þeim sárindum. Verður jafnframt að gæta að því að 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar felur í sér undantekningu frá meginreglu 2. mgr. sömu greinar. Þarf þar af leiðandi einnig, vegna þessa eðlis fyrrnefnda ákvæðisins, að beita því af varfærni. Má í þessu samhengi til hliðsjónar vitna til áðurnefndra dóma

Hæstaréttar frá 14. desember 2017 í málum nr. 415/2017 og 577/2017 og fyrrnefnds úrskurðar Landsréttar í máli nr. 812/2023.

C

39. Þau ummæli ákærða, sem ákæruvaldið krefst að honum verði gerð refsing fyrir, eru rakin hér að framan í umfjöllun um ákærana í málinu. Þau ummæli eru þó ekki að öllu leyti rétt eftir höfð, eins og rakið er í málavaxtahluta dómsins. Ákærði kom framangreindum ummælum á framfæri á eigin bloggsíðu. Voru ummælin birt í beinum tengslum við fréttir um atriði, sem ákærði hefur sjálfur lýst sem kveikjunni að viðbrögðum sínum. Tilefni umræðunnar og ummæla ákærða var tiltekið kennsluefni í kyn- og kynlífsfræðslu í leik- og grunnskólum. Taldi ákærði að Samtökin '78 hefðu átt þátt í því að útvega umrætt kennsluefni, sem og að sjá um þjálfun og kennslu, hvort sem það átti við rök að styðjast eða ekki. Er einnig óumdeilt að með ummælum sínum ætlaði ákærði sér að taka og tók þátt í opinberum skoðanaskiptum um það málefni sem um ræddi.
40. Samkvæmt 115. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal dómari meta sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn máls. Í því samhengi skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans. Ákærði gaf sem fyrr segir skýrslu fyrir dóminum við aðalmeðferð málsins og gaf þar ítarlegar og greinargóðar skýringar á ummælum sínum og afstöðu. Fór ákærði þar vandlega yfir hvern þátt ummæla sinna og setti ummælin í samhengi við þá umræðu sem í gangi var í samfélaginu á þeim tíma er ummælin voru látin falla. Það er mat dómsins að framburður ákærða hafi verið trúverðugur í skilningi 115. gr. laga nr. 88/2008.
41. Má jafnframt glögglega ráða af pistli ákærða, sem birtist sem fyrr segir á bloggsvæði ákærða 13. september 2023, og af framburði hans fyrir dómi, að hann taldi og telur enn að umrætt kennsluefni eigi ekki erindi til barna í leik- og grunnskólum. Voru þau ummæli sem ákært er fyrir hluti af hvassri gagnrýni ákærða vegna þessa, sem beindist meðal annars að Samtökunum '78, vegna meintrar aðkomu samtakanna að málinu. Þá gagnrýndi ákærði í pistli sínum efnistöð kennsluefnisins, sem og skólayfirvöld og tilgreinda stjórnmalaflokka.
42. Af gögnum málsins má ráða að fleiri en ákærði hafi haft skoðun á því kennsluefni sem um ræddi. Skoðanir um kennsluefnið hafi jafnframt verið skiptar og að hluta til villandi. Ákveðin upplýsingaóreiða hafi sömuleiðis ríkt í umfjöllun um málið, þar sem ýmsir lögðu orð í belg. Leiddi þetta meðal annars til þess að mennta- og barnamálaráðuneytið,

Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, umboðsmaður barna, Menntamálastofnun, Barnaheill, Samtökin '78 og Heimili og skóli – Landssamtök foreldra, gáfu út tilkynningu 26. september 2023, í þeim tilgangi að koma áreiðanlegri upplýsingum á framfæri við almenning.

43. Ákærði hefur lagt fram gögn máli sínu til skýringar, þ. á m. gögn um þá umræðu sem uppi var í samfélaginu á þeim tíma er ummæli hans féllu og gögn sem hann telur styðja þær staðhæfingar sem hann hafi sett fram á sínum tíma og verið bakgrunnur þeirra ályktana sem hann hafi dregið og sett fram í greindum pistli sínum. Ákærvaldið hefur á sama hátt lagt fram gögn um hluta þeirrar umræðu sem uppi var í samfélaginu á umræddum tíma. Eru sönnunargögn málsins að öðru leyti, að frátöldum pistli ákærða 13. september 2023, frekar fátækleg.

D

44. Eins og rakið er hér að framan ber ákærvaldið sönnunarbyrði um sekt ákærða, sem hefur staðfastlega neitað sök. Ákærði hefur sömuleiðis, eins og áður segir, fært fram skýringar á ummælum sínum með þeim hætti sem dómurinn telur trúverðugan og stutt þær skýringar gögnum. Gagnrýni ákærða laut sem fyrr segir að efnistöfum kennsluefnis fyrir leik- og grunnskóla og meintri aðkomu Samtakanna '78 að gerð þess, þjálfun og kennslu, eins og glögglega mátti ráða af skrifum ákærða.
45. Ákærði hefur á hinn bóginn bent á og viðurkennt að aðrir hafi aðrar skoðanir en hann og að skoðanir fólks séu ólíkar. Þá er sem fyrr segir óumdeilt að ummæli ákærða féllu opinberlega, í tengslum við þjóðfélagsumræðu sem uppi var á þeim tíma, þar sem fjölmargir tjáðu sig og gagnrýndu það kennsluefni sem var tilefni að ummælum ákærða.
46. Að því virtu og skýringum ákærða, sem ekki hafa verið hraktar af hálfu ákærvaldsins, svo og með hliðsjón af sönnunargögnum málsins og að teknu tilliti til þess í hvaða samhengi ákærði viðhafði ummæli sín, verður ekki séð að þau ummæli sem hann er ákærður fyrir að hafa viðhaft lýsi ógnun eða háði í garð ótiltekins hóps manna hér á landi vegna kynhneigðar eða kynvitundar þeirra. Þá verður sömuleiðis ekki séð að ákærði hafi með ummælum sínum dreift rógburði eða smánað hóp fólks eða Samtökin '78. Verður eigi heldur, að virtum skýringum ákærða og gögnum málsins, ekki séð að tjáning ákærða, sem hann er ákærður fyrir í málinu, feli hlutrænt séð í sér slíka óbeit, andúð, fyrirlitningu eða fordæmingu að telja megja hana til hatursorðræðu í garð þess hóps fólks sem henni var beint að.

47. Að öllu framangreindu virtu og með hliðsjón af því að ákvæði 233. gr. a almennra hegningarlaga felur í sér takmörkun á tjáningarfrelsi ákærða og undantekningu frá meginreglu 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, og ber af þeim sökum að skýra þröngt, verður ekki talið að ákærði hafi með þeim ummælum sem ákært er fyrir farið yfir mörk leyfilegrar tjáningar, allra síst að teknu tilliti til þeirra sönnunarkrafna sem gerðar eru í sakamálum og lýst var hér að framan. Hér er einnig til þess að líta, eins og áður segir, að ákærða var frjálst að hafa sína sannfæringu og skoðanir, sem aðrir kunna að hafa verið sammála eða ósammála. Honum var einnig frjálst að setja þær skoðanir sínar fram opinberlega, að því gefnu að gætt væri að réttindum annarra og réttmætt tillit tekið til þeirra. Verður ekki annað séð en að svo hafi verið gert í þessu máli, jafnvel þótt ákærði hafi kveðið fast að orði.
48. Að öllu framangreindu virtu verður ekki talið að þau ummæli ákærða, sem hann er ákærður fyrir, uppfylli í því samhengi sem þau féllu hlutræn skilyrði þess að geta talist brot gegn nefndu refsíákvæði. Þá verður einnig að teljast ósannað að hugræn refsiskilyrði 233. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 18. gr. sömu laga, séu uppfyllt eins og hér stendur á. Þykir með öðrum orðum ósannað að ákærði hafi haft ásetning til að hæðast að, rógbera, smána eða ógna manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu vegna kyneinkenna, kynhneigðar eða kynvitundar, líkt og áskilið er í ákvæðinu.
49. Verður ákærði að öllu framangreindu virtu sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.
50. Að virtum úrslitum málsins og með vísan til 2. mgr. 235. gr., sbr. 1. mgr. 233. gr., laga nr. 88/2008 skal allur sakarkostnaður málsins greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin með tilliti til umfangs málsins 1.488.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.
51. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Silja Rán Arnarsdóttir aðstoðarsaksóknari.
52. Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Vilhjálmsson, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, 1.488.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson

Rétt endurrit staðfestir

4.7.2025

